

Fréttabréf



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Átak gegn verslun með konur

Ríkisstjórnir Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna hafa hleypt af stokkunum upplýsingaátaki til að berjast gegn verslun með konur, sem er vaxandi alþjóðlegt vandamál. Konur eru fluttar milli landa í stórum stíl og þær neyddar til að taka þátt í vændi eða klámiðnaði. Ekkert ríki er hólpið fyrir starfsemi sem þessari og er Ísland þar engin undantekning.

Markmið verkefnisins er að fræða almenning um skuggahliðar og sorglegar afleiðingar þessarar glæpastarfsemi sem snýst um að svívirða og misnota konur.

Á Íslandi eru það dómsmálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið sem standa að verkefninu og mun framkvæmd þess m.a. felast í ráðstefnu sem haldin verður á Grand Hótel 28. febrúar nk. og innskotsblaði með Morgunblaðinu sem kom út laugardaginn 22. febrúar sl.

Verkefnisstjórar átaksins hér á landi eru Ásta S. Helgadóttir, félagsmálaráðuneyti, og Dís Sigurgeirsdóttir, dómsmálaráðuneyti.

Samráðs- og umræðufundur

Hinn 22. nóvember 2002 var að Hótel Glymi í Hvalfirði haldinn samráðs- og umræðufundur á vegum fjármálaráðuneytis en til hans var boðað með fulltrúum félagsmálaráðuneytis, samgönguráðuneytis og forstöðumönnum stofnana þessara ráðuneyta.

Frá félagsmálaráðuneytinu mættu ráðuneytisstjóri, fjórir skrifstofustjórar og tveir deildarstjórar af almennri skrifstofu. Allir forstöðumenn stofnana ráðuneytisins mættu og í flestum tilvikum með rekstrarstjóra með sér.

Fundur þessi stóð allan daginn og voru helstu efnisatriði eftirfarandi:

- Fulltrúar starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis fjölluðu um upphaf starfs og starfslok, starfsþróun, stofnanasamninga og endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Einnig var fjallað um Starfatorgið.

- Fulltrúar fjárlagaskrifstofu og fjáreiðu- og eignaskrifstofu fjölluðu um rammafjárlagagerð, árangursrika framkvæmd stefnu, áætlanagerð og uppgjör, rafrænt markaðstorg ríkisins og innkaupakort.

- Fulltrúi Fjársýslu ríkisins kynnti nýtt fjárhagskerfi ríkissjóðs og stofnana.

- Að lokum ræddu fulltrúar félagsmálaráðuneytisins við forstöðumenn sinna stofnana sérstaklega um nýtt skipurit ráðuneytisins og gerð rekstraráætlna stofnana fyrir árið 2003.

Reyndist fundur þessi mjög gagnlegur og gaf nýjum stjórnendum í félagsmálaráðuneytinu gott tækifæri til að hitta forstöðumenn og aðra þá starfsmenn stofnana er komu á fundinn.

Rekstraráætlanir stofnana 2003

Í reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjáreiðum ríkisstofnana A-hluta, nr. 116/2001, er gert ráð fyrir að forstöðumenn stofnana skili ársáætlun sinnar stofnunar til ráðuneytis um miðjan febrúar ár hvert. Fyrir lok febrúar skal staðfest ársáætlun liggja fyrir.

Þar sem fjárlagafrumvarp ársins 2003 var lagt fram í október taldi félagsmálaráðuneytið eðlilegt að stofnanir færu fyrir að huga að rekstraráætlun fyrir árið 2003. Óskaði ráðuneytið því eftir að stofnanir skiluðu ráðuneytinu fyrir 6. desember drögum að rekstraráætlun fyrir árið 2003. Í

framhaldi af því voru forstöðumenn boðaðir til fundar um sína áætlun á tímabilinu 11.–16. desember.

Með því að vinna eftir þessum tímaramma stefnir ráðuneytið að því að rekstraráætlanir stofnana liggja fyrir um áramót. Þannig verði til staðar staðfestar rekstraráætlanir fyrir 2003 strax í upphafi ársins. Að auki skapa þessi vinnubrögð meira svigrúm fyrir forstöðumenn og ráðuneytið að vinna að undirbúningi fjárlagatillagna fyrir árið 2004 ásamt því að ganga frá ársuppgjöri vegna 2002.



Ný tilskipun á sviði vinnumála felld undir EES-samninginn

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti 6. desember 2002 að fella tilskipun nr. 2002/14/EB, um upplýsingar og samráð við starfsmenn innan Evrópusambandsins, undir samninginn um Evrópska efnahagsvæðið, sbr. ákvörðun nefndarinnar nr. 172/2002.

Markmið tilskipunar nr. 2002/14/EB er að setja fram lágmarksskilyrði um rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs innan fyrirtækja.

Aðildarríkin skulu skilgreina upplýsingar og samráð í samræmi við lög og venjur í hverju landi að teknu tilliti til efnisákvæða tilskipunarinnar.

Þar er meðal annars að finna reglur um hvað upplýsingar og samráð skulu fela í sér

og í hvaða tilvikum samráð skuli eiga sér stað. Enn fremur er að finna ákvæði um trúnaðarupplýsingar. Aðildarríkin hafa val um að ákveða hvort efni tilskipunarinnar skuli eiga við um fyrirtæki með a.m.k. 50 starfsmenn eða fyrirtæki með a.m.k. 20 starfsmenn.

Innleiða skal efni tilskipunarinnar eigi síðar en 23. mars 2005 en heimilt er að innleiða hana með kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Þá er enn fremur sérstakt ákvæði um innleiðingu í áföngum fyrir þau ríki sem hafa ekki hefð fyrir upplýsingum og samráði við starfsmenn innan fyrirtækja. Þar er gert ráð fyrir að innleiðingin eigi sér stað í þrepum fram til 23. mars 2008.



Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Páll Pétursson félagsmálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir dóms- og kirkjumálaráðherra og Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Þrjú ráðuneyti styrkja reksturinn áfram

Páll Pétursson félagsmálaráðherra undirritaði nýlega samkomulag um áframhaldandi starfsemi Gamla Apóteksins á Ísafirði, ásamt heilbrigðisráðherra, dómsmálaráðherra og bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.

Ráðuneytin þrjú, ásamt Ísafjarðarbæ, munu kosta áfram tilraunaverkefni vegna starfsemi Gamla Apóteksins á Ísafirði.

Tilraunaverkefnið er framhald á þeirri starfsemi sem verið hefur í Gamla Apótekinu.

Um er að ræða forvarnarverkefni sem ýmsir lykilaðilar vinna að. Má þar nefna lögreglu, félagsmálafirvöld, félagsmiðstöðvar, skóla, foreldrafélög, heilsugæslu og fleiri.

Gamla Apótekið er menningarmiðstöð, þar sem áhersla er lögð á metnaðarfullt starf, sérsníðið að þörfum ungs fólks í þroskandi, skapandi, heilbrigðu og krefjandi umhverfi. Hver einstaklingur á að fá að njóta sín sem fullgildur þátttakandi í starfseminni á sínum

eigin forsendum, svo framarlega sem þær stangast ekki á við grundvallarreglur starfseminnar.

Hver aðili samkomulagsins veitir í verkefnið 1,5 milljónum króna á ári í tvö ár, fyrst árið 2003. Að þeim tíma liðnum verður árangur verkefnisins metinn og frekari stuðningur ofangreindra aðila ákvarðaður í ljósi þess mats.

Nýtt samkomulag ríkis og sveitarfélaga undirritað

Í framhaldi af viðræðum um ýmis samskiptamál undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga samkomulag þann 4. desember sl. á árlegum samráðsfundi aðila. Samkomulagið felur í sér eftirfarandi breytingar á fjármálalegum samskiptum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga:

1. Að árlegt framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja hækki frá 1. janúar 2003 um 164 m.kr. Jafnframt verði lagt til í fjárukalagafrumvarpi 2002 að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 260 m.kr. í þessu skyni.

2. Að árlegt framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem ráðstafað er til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta hækki um 220 m.kr. Í fjárukalagafrumvarpi 2002 verði jafnframt lagt til að Jöfnunarsjóður fái sérstakt 150 m.kr. aukaframlag til úthlutunar framlaga vegna greiðslu húsaleigubóta.



3. Að ríkið yfirtaki 15% hlutdeild sveitarfélaga í stofnkostnaði og meiriháttar viðhaldi og tækjakaupum heilsugæslu-

stöðva, svæðissjúkrahúsa, deildasjúkrahúsa og almennra sjúkrahúsa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

4. Að vegna breyttrar framsetningar ríkistekna í fjárlögum og ríkisreikningi verði gerðar breytingar á stofni til útreiknings framlaga ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Í stað þess að framlögin séu reiknuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum verði þau framvegis ákvörðuð sem hlutfall af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

Í samræmi við samkomulagið verður framlag skv. a-lið 8. gr. 2,12% frá og með 1. janúar 2003.

Samkomulagið felur jafnframt í sér skilgreint tilraunaverkefni um mat á áhrifum lagafrumvarpa og reglugerðardruga á fjárhag sveitarfélaga og aukið samráð ríkis og sveitarfélaga um kjaramál.

Átak í málefnum fatlaðra

Á síðastliðnum árum hafa verið stigin stór skref í málefnum fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega ber að geta áttaks í búsetumálum fatlaðra, þ.e. bæði vegna þeirra sem eru á biðlistum eftir húsnæði og eins þeirra sem búið hafa í húsnæði fyrrum Kópavogshælis. Einnig hafa þjónustusamningar verið endurnýjaðir og loks ber að geta gagngerrar endurskoðunar á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Auk þess má nefna undirbúning að starfsemi skammtíamavistar og Evrópuárs fatlaðra 2003.

Á árinu 2002 var unnið að fjölmörgum verkefnum. Fyrst ber að nefna glæsilegt sambyli fyrir sex einstaklinga að Blikaási 2 í Hafnarfirði sem opnað var í maí sl. Þann 30. júlí sl. var opnað nýtt sambyli fyrir sex einstaklinga að Barðastöðum 35 í Reykjavík og þann 9. september var opnað nýtt sambyli að Sólheimum 21b fyrir sex einstaklinga þar sem hluti þeirra sem þar munu búa bjuggu áður í sambylinu við Holtaveg. Þarna buðust tveimur einstaklingum af biðlista búseta við hæfi. Með þessum flutningi skapast síðan svigrúm til að setja af stað nýja skammtíamavist þar sem 4–8 einstaklingar geta fengið þjónustu. Þriðja sambylið í Reykjavík við Hólmasund 2 var síðan tekið í notkun 31. október sl. og fengu þar sex einstaklingar búsetu. Loks má geta þess að í lok síðasta árs var tekið í notkun nýtt endurbyggt sambyli á Hvammstanga. Á árinu 2002 má því áætla að um 25–28 einstaklingar af búsetubiðlista hafi fengið búsetu við hæfi.

Á árinu 2003 munu rúmlega 20 einstaklingar fá tilboð um búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Alls er því gert ráð fyrir því að um 50 einstaklingar af biðlista fái búsetu á sambýlum á árunum 2002 og 2003. Sé horft til ársins 2001 voru um 20 sambýlisplass tekin í notkun. Alls hafa þá um 90 einstaklingar fengið búsetuúrræði á þremur árum. Verulega hefur því gengið á biðlistann í Reykjavík og Reykjanesi.

Í maí 2003 má segja að langþráðum áfanga verði náð í útskriftum íbúa af fyrrum Kópavogshæli í sambyli. Gert er



Þjónustubúðir í Blásölum teknar í notkun.
Frá vinstri: Halla Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi Kópavogi, Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri Kópavogi, Helga Þorleifsdóttir félagsráðgjafi og Halldór Gunnarsson hjá Proskahjálpi

ráð fyrir að þá verði lokið útskrift 20 einstaklinga sem flust hafa í fimm sambyli.

Endurnýjaðir hafa verið þjónustusamningar vegna vinnamála við SÍBS vegna Múlalundar um þjónustu við 25 einstaklinga, við Öryrkjabandalagið um þjónustu við 18 einstaklinga, við Blindrafélagið um þjónustu við 20 einstaklinga, við Styrktarfélag vangefinna um þjónustu við 60 einstaklinga og loks

þessarar greiningar verður skilgreind framtíðarsýn og markmið starfseminnar til næstu þriggja til fjögurra ára. Lögð hefur verið áhersla á að styrkja starfsemi stöðvarinnar með auknu fjárframlagi auk þess sem faglegt skipulag stöðvarinnar hefur verið tekið til endurskoðunar með tilliti til hlutverks stöðvarinnar í framtíðinni. Félagsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um



Svöluhraun 19 Hafnarfirði

við Handverkstæðið Ásgarð um þjónustu við 16 einstaklinga. Alls hafa því þessir samningar tryggt um 140 einstaklingum vinnu á höfuðborgarsvæðinu.

Gerð hefur verið fagleg og fjárhagsleg úttekt á starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Á grundvelli

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem hefur það að markmiði að skapa starfseminni skýran sess í þjónustu við fatlaða til framtíðar.

Á fyrri hluta þessa árs verður tekin í notkun skammtíamavist við Holtaveg í Reykjavík. Með tilkomu skammtíma-

Undirbúningur löggjafar um Evrópufélög

Vinna stendur nú yfir við að undirbúa innleiðingu reglugerðar ESB nr. 2157/2001, um samþykktir fyrir Evrópufélög (SE), og tilskipun ESB nr. 86/2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar þátttöku starfsmanna. Evrópufélög eru nýtt félagsform og kallar innleiðing þeirra reglna sem um þau gilda á laga-breytingar hér á landi.

Í reglugerðinni, sem heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, er kveðið á um að setja meggi á stofn Evrópufélag með samruna félaga, sameiginlegu útibúi, eignarhalds-félagi eða breytingu á félagi sem stofnað hefur verið á grundvelli landslaga. Verður félögum sem starfa í fleiri en einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu þannig gert kleift

að starfa á grundvelli einna reglna um stjórn o.fl. í stað þess að þurfa að starfa á grundvelli þeirra reglna gilda í þeim ríkjum þar sem félögin hafa útibú. Þetta leiðir til minni stjórnunarkostnaðar og skrifinnsku og eykur samkeppnishæfi félaganna.

Tilskipunin, sem heyrir undir félags-málaráðuneytið, hefur að geyma fyrirmæli um að við stofnun Evrópufélags þurfa að fara fram viðræður í samninganefnd um rétt starfsmanna til þátttöku í stjórn félagsins og um upplýsingar og samráð við fulltrúa starfsmanna varðandi málefni félagsins. Ef samkomulag næst ekki gilda ákveðnar meginreglur í viðauka tilskipunarinnar. Mismunandi reglur geta gilt eftir því hvernig atvinnulýðræði er háttað í þeim löndum þar sem Evrópufélagið mun starfa, en markmið

tilskipunarinnar er að tryggja að reglur um aðild starfsmanna í þátttökufélögunum í stofnun Evrópufélags hvorki hverfi né að vægi þeirra minnki við stofnun Evrópu-félagsins.

Erfitt er að segja fyrir um þýðingu þessa nýja félagsforms fyrir íslensk fyrirtæki eða vinnumarkað hér á landi. Þótt fyrir fram meggi ætla að það verði einkum stórfyrirtæki sem hugsanlega munu nýta sér þennan möguleika er rétt að hafa í huga að ekki er gert að skilyrði að þátttökufélög hafi tiltekinn fjölda starfsmanna eða ákveðna veltu til að geta stofnað Evrópufélag. Í reglugerðinni er þó gert að skilyrði fyrir stofnun Evrópufélags að hlutfé verði að lágmarki 120.000 evrur.



Undirskrift þjónustusamnings við Blindrafélagið um rekstur Blindravinnustofu. Björg Anna Kristinsdóttir, Gisli Helgason, Páll Pétursson félagsmálaráðherra og Björn Sigurbjörnsson

vistunarinnar við Holtaveg munu einnig verða gerðar töluverðar breytingar á skipulagi skammtímvistunar í Reykjavík sem hefur það að markmiði að bæta þjónustuna enn frekar.

Evrópuár fatlaðra 2003 er hafið. Félags-málaráðuneytið mun beita sér fyrir því að

vel takist til með atburði ársins. Árið verður formlega sett á vormánuðum og verður þema ársins lífsgæði þeirra sem búa við fötlun í viðasta skilningi. Reynt verður að líta til þess hvar meggi bæta þjónustuna á sviðum búsetu-, atvinnu-, skóla- og frístundamála. Boðið verður

upp á fræðslu og listviðburði svo eitthvað sé nefnt. Ráðuneytið vill hafa gott samstarf við alla þá sem að árinu koma þannig að sem best takist til.

Reglugerðir settar með stoð í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Við setningu laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnréttislög), nr. 96/2000, var leitast við að gera kærunefnd jafnréttismála og Jafnréttisráð sjálfstæðari og óháðari Skrifstofu jafnréttismála. Nefndin og ráðið höfðu verið nátengd Skrifstofu jafnréttismála sem við setningu laganna fékk heitið Jafnréttisstofa.

Með það markmið að leiðarljósi, þ.e. að gera nefndina og þær stofnanir sem tilgreindar eru í lögnum sem sjálfstæðastar, hafa nú verið settar reglugerðir með stoð í jafnréttislögum. Um er að ræða þrjár reglugerðir, reglugerð um starfsemi Jafnréttisstofu, reglugerð um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald svo og reglugerð um kærunefnd jafnréttismála.

Í reglugerðunum er skýrari og nánari útfærsla á þeim ákvæðum sem fram koma í framangreindum lögum. Í reglugerðinni um starfsemi Jafnréttisstofu er m.a. nánari útfærsla á eftirliti stofunnar með framkvæmd laganna. Einnig er hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna skilgreint, svo og heimild Jafnréttisstofu til málshöfundar. Í reglugerðinni um störf Jafnréttisráðs og skrifstofuhald er m.a. fjallað um hlutverk og verkefni ráðsins. Í reglugerðinni um kærunefnd jafnréttismála er ítarlega fjallað um hvernig störfum nefndarinnar skuli háttað, m.a. hvernig fara skuli með mál er berast til nefndarinnar.

Með setningu reglugerðanna er tekið á efnisatriðum sem nauðsynlegt þótti að skýra nánar. Leitast var við að gera alla umgjörð aðgengilega fyrir þá sem koma að meðferð þeirra mála sem undir lögum falla. Ljóst er að gott þykir að hafa skýrar reglur um ákveðin atriði er varða jafnréttismál, en þrátt fyrir að þær hafi nú litið dagsins ljós er nauðsynlegt að vera stöðugt vakandi og standa vörð um þau réttindi sem eiga sér stoð í jafnréttislögum.

Aukið atv

Stóraukið framboð vinnumarkaðsúrræða hjá svæðisvinnu

Atvinnuleysi hefur í vetur aukist mun meira en búist var við. Í janúarmánuði voru að meðaltali 5.208 einstaklingar atvinnulausir sem eru 3,8% af vinnuaflinu. Vonast er til að nýjustu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í flytingu opinberra framkvæmda muni fljótt breyta þessari þróun og stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi munu á næstu árum kalla eftir miklu vinnuafli.

Þrátt fyrir þetta hefur Vinnuálastofnun og Atvinnuleysistryggingasjóður aukið mjög framboð vinnumarkaðsúrræða en skipulagning þeirra og umsjón er á hendi svæðisvinnumiðlananna sem heyra undir Vinnuálastofnun og eru staðsettar í öllum landsfjórðungum.

Gissur Pétursson er forstjóri Vinnuálastofnunar og hann segir frá því að svæðisvinnumiðlanir séu að setja stóraukinn kraft í vinnumarkaðsúrræði og eins að auka fjölbreytni þeirra.

Þá verði á næstunni lögð sérstök áhersla á að kynna hin svokölluðu átaksverkefni fyrir stofnunum ríkis og sveitarfélaga og fyrirtækjanna í landinu. Þetta úrræði miðast við að fá stofnanir og fyrirtæki til að ráða til sín starfsfólk af atvinnuleysisskrá til þess að sinna sérstökum verkefnum sem ella hefðu ekki verið unnin. Kynningarbaklingar hafa verið gefnir út um þetta og hafa svæðisvinnumiðlanir dreift þeim til viðskiptavina sinna. Fyrir utan úrræði sem svæðisvinnumiðlanir skipuleggja sjálfar þá greiða þær ákveðna upphæð af kostnaði af almennum starfsmenntunarnámskeiðum sem atvinnuleitendur hafa áhuga á að sækja og teljast munu styrkja stöðu einstaklinganna í atvinnuleitinni, svo sem vinnuvéla- og meiraprófnámskeið.

Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins

Fjölbreytileg tölvunámskeið, svo sem ritvinnsla og vefsíðugerð, sjálfsstyrkingarnámskeið, bókhald og íslenskunám fyrir útlendinga á atvinnuleysisskrá. Þá er í boði umfangsmikil ráðgjöf og leiðbeining um náms- og starfsval og virka atvinnuleit.



Gissur Pétursson

Svæðisvinnumiðlun Vesturlands

Þá er fyrirhugað að gripa til úrræða fyrir ungt atvinnulaust fólk á Akranesi samvinnu við ungmennahúsið á Akranesi og félagsmálþjónustuna sem fæli m.a. í sér að það þyrfti að mæta í líkamsrækt tvisvar sinnum í viku auk náms í lífsleikni.

Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða

Margvísleg námskeið eru á döfinni, m.a. tölvunámskeið á stærstu þéttbýlisstöðunum, enskunámskeið fyrir byrjendur, þjónustuenska og bresk kurteisi sem felur í sér að kenna þeim ensku sem vilja undirbúa sig fyrir þjónustu við erlenda ferðamenn. Þá er stefnt að því að starfrækja menntasmiðju kvenna á Patreksfirði. Einnig er verið að skipuleggja líkamsrækt og sjálfsstyrkingu fyrir langtíma-atvinnulausa og fyrrverandi vímuefnaneitendur í samstarfi við sveitarfélög.

Svæðisvinnumiðlun Norðurlands vestra

Námskeið fyrir karlmenn á Blönduósi, Hvammstanga og Skagaströnd sem felst í sjálfsstyrkingu og að auka skilning á stöðu karla í nútímasamfélagi. Þá verður farið í náms- og starfsval og virka atvinnuleit.

Vinnuleysi

miðlunum segir Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar

Einnig er verið að skipuleggja stefnu-breytingarnámskeið fyrir ungt fólk í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir ungar konur á Hvammstanga og Blönduósi.

Þá er í undirbúningi starfstengt námskeið, t.d. tengt íslenska hestinum (mat).

Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra

Vinnuklúbbur og Menntasmiðja unga fólksins á Akureyri er fyrir fólk á aldrinum 16–25 ára. Þá er einnig fyrirhuguð Menntasmiðja kvenna á Akureyri. Boðið er upp á hópráðgjöf og svokallaðar Ideas áhugasviðskannanir en þeim er aðallega beint að ungu fólki.

Þá hafa verið skipulögð námskeið í samstarfi við Símeý (símenntunarmiðstöðina í Eyjafirði) á Akureyri. Fyrirhuguð eru þrjú sjálfstæð námskeið sem Símeý heldur á Akureyri og Ólafafirði. Eins hafa verið skipulögð námskeið í samvinnu við Fræþing á Húsavik fyrir Skútustaðahrepp, Raufarhöfn og Þórshöfn. Þessi námskeið falla m.a. um sjálfsefningu, skyndihjálp, þjónustu, atvinnuleit, tölvufærni og þjálfun í hæfni til að takast á við breytingar.

Svæðisvinnumiðlun Austurlands

Í boði er t.d. sjálfsefning, einstaklingsúræði eins og tölvunámskeið, meira-prófsnámskeið, menntasmiðjur stéttarfélaganna og annað nám í fjórðungnum sem styrkir einstaklinga. Einnig eru að fara af stað hópuræði fyrir unga fólkið, námskeið ætlað konum sem hug hafa á stofnun fyrirtækja og námskeiðið. Hér stend ég - hvert stefni ég? ætlað körlum og konum sem styrkja vilja sig í atvinnuleit og/eða námi. Þessi úrræði eru unnin í samvinnu við Fræðslunet Austurlands.

Svæðisvinnumiðlun Suðurlands

Svæðisvinnumiðlun Suðurlands mun á næstu tveimur mánuðum bjóða atvinnuleitendum að sækja námskeið til að byggja upp færni sína og kunnáttu. Um er að ræða framhaldsnámskeið í tölvunotkun og starfsleitarnámskeið með sjálfstyrk-

ingu, fjármálafræðslu, kynningu á vinnu-markaði, kennslu í nýtingu á nýjustu miðlum til atvinnuleitar og gerð starfsleitarsamninga. Námskeiðin verða haldin í febrúar og mars, á Selfossi, í Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum og Hveragerði. Í undirbúningi er að bjóða þessi námskeið einnig í Rangárvallasýslu og í V.-Skaftafellsýslu. Námskeið þessi beinast að ungu og miðaldra fólki sem verið hefur hvað lengst á atvinnuleysisstrá.



Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja

Svæðisvinnumiðlun Suðurnesja stendur fyrir námskeiði fyrir atvinnulausa einstaklinga á aldrinum 18–24 ára á næstunni og er markmiðið með þessu námskeiði að veita ungu atvinnulausu fólki stuðning og hvatningu til að takast á við atvinnuleysið og líta á það sem tækifæri til sjálfskoðunar og gerð framtíðaráætlana. Námskeiðið heitir Vertu þú sjálf/ur...en hver ertu? og er haldið á vegum Mentor.

Þá er í undirbúningi í samvinnu við Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum verklegt námskeið í bílaumhirðu. Markmiðið er að þjálfa þar upp starfsmenn sem gætu starfað á bensinstöðvum, bílapvottastöðvum, bílaverkstæðum og hjá bílaumboðum.

Gissur segir að af þessari upptalningu megi sjá hversu öflugt starf sé rekið hjá svæðisvinnumiðlunum. Þetta sé þó aðeins hluti af þeirri þjónustu sem þær veita því hinn mikilvægasti viðskiptavinur skrifstofanna sé auðvitað fyrirtækin og atvinnulífið í landinu. Allt þetta starf miðist að því að styrkja stöðu vinnuafslins til að það sé reiðubúið að taka þau störf sem bjóðast hjá fyrirtækjunum.

Skýrari réttur námsmanna við töku fæðingarorlofs

Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, eru skv. 2. gr. laganna að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður, svo og að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Það var gert með reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofsfjórði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000.

Með setningu laganna var stigið mikilvægt skref í átt til umbóta, sem felst í því að börn eiga þess nú frekar kosts en áður að njóta atlætis bæði móður og föður. Einnig var um að ræða mikilvæga þróun í átt til jafnréttis þar sem körlum er gert kleift að taka meiri þátt í uppeldi barna sinna.

Stöðugt er unnið að því að bæta stöðu þeirra sem óska eftir greiðslum vegna töku fæðingarorlofs. Með breytingu nr. 915/2002 á reglugerð nr. 909/2000, sem tók gildi 1. janúar 2003, var réttur þeirra sem uppfylla skilyrði þess að fá greiðslu sem námsmenn í fæðingarorlofi bættur. Af breytingunum leiðir m.a. að heimilt er að taka tillit til þess þegar námsmaður veiktist á meðgöngu og getur ekki í framhaldi að því stundað nám sitt sem skildi. Einnig er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum um fullt nám þegar foreldri á eftir minna en sem nemur 75% námi á síðustu önn og ljóst er að viðkomandi er að ljúka ákveðinni prófgráðu.

Þá er og heimilt að taka tillit til ástundunar náms á þeirri önn er barn fæðist.

Eins og sjá má er réttur námsmanna til greiðslu fæðingarstyrks að mörgu leyti skýrari nú en áður. Með þessum breytingum ætti hagur foreldra sem eru í námi við töku fæðingarorlofs og barna þeirra að breytast til hins betra.

Ný lög um atvinnuréttindi útlendinga

Ný lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, tóku gildi 1. janúar 2003. Þau leysa af hólmi lög nr. 133/1994 sem gilt hafa frá 1. janúar 1995.

Í lögnum frá árinu 1994 voru að finna ýmis nýmæli. Nefna má að greint var á milli fleiri flokka atvinnuleyfa en áður var gert. Þannig voru tekin upp sérstök leyfi násmanna og vegna vistráðningar. Mikilvægasta breytingin fólst í veitingu óbundins atvinnuleyfis. Þetta leyfi var veitt útlendingi persónulega en ekki atvinnurekanda gagnstætt því sem gilti um aðra flokka atvinnuleyfa, til dæmis tímabundin leyfi. Með óbundið atvinnuleyfi í hendi stóð útlendingur jafnfætis heimamönnum á vinnu-markaði að því er varðar atvinnuleit og skipti á atvinnurekanda.

Í nýju lögnum um atvinnuréttindi útlendinga er haldið þeirri flokkun atvinnuleyfa sem tekin var upp með lögnum frá árinu 1994 með þeirri breytingu að bætt er við nýrri tegund. Um er að ræða atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna, sbr. 10. gr. laganna. Þetta leyfi er veitt útlendingi sem sendur er hingað til lands af fyrirtæki sem ekki hefur starfsstöð á Íslandi.

Tímabundið — óbundið atvinnuleyfi og aukin tryggingavernd

Í nýju lögnum felast nokkrar breytingar á ákvæðum um aðra flokka atvinnuleyfa. Við grein um tímabundið atvinnuleyfi hefur verið bætt ákvæði um ábyrgð atvinnurekanda á greiðslu fyrir heimflutning starfsmanns ef hann verður óvinnufær um lengri tíma, til dæmis vegna veikinda eða um sé að ræða ráðningarslit sem starfsmaðurinn á ekki sök á. Einnig er bætt við greinina ákvæði um skyldu atvinnurekanda til að sjúkra-tryggja erlenda starfsmann þannig að hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga. Með öðrum orðum er sú skylda lögð á herðar atvinnurekanda að brúa það bil sem skapast frá upphafi starfstíma hins erlenda starfsmanns þar til hann nýtur

réttinda samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga sem í flestum tilvikum gerist eftir sex mánaða dvöl hér á landi. Vert er að vekja athygli á nýmæli sem lýtur að heimild til að veita nánustu aðstandendum útlendinga með búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi tímabundið atvinnuleyfi að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í 3. mgr. 7. gr. er nýmæli sem heimilar stjórnvöldum að veita útlendingi, sem sótt hefur um hæli sem flóttamaður, tímabundið atvinnuleyfi. Sama gildi um útlending sem hefur fengið endanlega synjun á hælissókn. Einnig í því tilviki er heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi þannig að útlendingur geti unnið fyrir sér þar til kemur að brottvísun.

Ákvæði laga nr. 133/1994 um óbundið atvinnuleyfi fól í sér miklar réttarbætur fyrir erlenda starfsmenn hér á landi. Breyting hefur verið gerð á ákvæðinu til samræmis við ákvæði í lögum um útlendinga. Gert er að skilyrði fyrir óbundnu atvinnuleyfi að útlendingur hafi öðlast búsetuleyfi sem er nýmæli í útlendingalögum. Forsenda veitingu búsetuleyfis er að útlendingur hafi dvalist samfellt í þrjú ár hér á landi samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum og sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Breytt ákvæði í útlendingalögum um dvalarleyfi og búsetuleyfi leiða til þess að biðtími eftir óbundnu atvinnuleyfi getur skemmstur verið fjögur ár. Á þessu er sú skýring að fyrst er veitt takmarkað dvalarleyfi til árs en það myndar ekki rétt til búsetuleyfis.

Leyfi vegna náms og vistráðningar

Nýmæli í lögum nr. 133/1994 var ákvæði um að heimilt væri að veita útlendingi atvinnuleyfi vegna námsdvalar á Íslandi. Þessi heimild hefur verið þrengd í nýju lögnum. Gildistími námsmannaleyfa hefur verið stytur úr ári í sex mánuði. Einnig hefur það verið gert að skilyrðifyrir framlengingu námsmannaleyfis að lagt sé fram vottorð um

eðlilega námsframvindu. Ekki er lengur krafist umsagnar stéttarfélags eða hlutaðeigandi landssambands um umsókn námsmanns um atvinnuleyfi.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar að því er varðar atvinnuleyfi vegna vistráðningar. Benda má á breytingu á aldursmörkum, þ.e. einungis er heimilt að veita vistráðningarleyfi vegna útlendinga sem er á aldrinum 18–26 ára í stað 17–30 ára. Bætt hefur verið við ákvæðum um sjúkra- og slysatryggingar. Einnig hafa ákvæði um kröfur sem gerðar eru til heilbrigðisvottorðs verið hertar.

Í eldri lögum var heimilt að undanskilja tiltekna hópa útlendinga frá kröfunni um atvinnuleyfi. Í þessu efni hafa verið gerðar tvær veigamiklar breytingar. Nú eru erlendir makar íslenskra ríkisborgara og börn þeirra að 18 ára aldri látin njóta undanþáguákvæða 14. gr. Enn fremur útlendingar sem falla undir reglur stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Þar er fyrst og fremst átt við Svisslendinga. Aðrir útlendingar falla undir þetta ákvæði að því tilskyldu að þeir hafi öðlast óbundið atvinnuleyfi í EFTA-ríki og hafi verið sendir til hingað til lands í því skyni að efna samninga um þjónustuviðskipti. Þessi heimild er takmörkuð við 90 starfsdaga á almanaksári.

Samstarfs- og samráðsnefndir

Ákvæði laga um dvalarleyfi og atvinnuréttindi eru samtvinnuð enda þótt um þau sé fjallað í tveimur lagabálkum; lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Forsenda veitingu atvinnuleyfis er að Útlendingastofnun hafi áður veitt útlendingi dvalarleyfi. Af þessu hefur leitt að náið samstarf hefur verið á milli fyrst félagsmálaráðuneytis og síðar Vinnumála-stofnunar og Útlendingaeftirlitsins og síðan Útlendingastofnunar um veitingu atvinnuréttindi útlendinga er þetta samstarf lögfest. Samkvæmt 19. gr. laganna skulu Vinnu-

Frá Fjölmeningarsetri

málastofnun og Útlendingastofnun koma á fót samráðsnefnd sem fjallar um framkvæmd laganna um atvinnuréttindi útlendinga. Félagsmálaráðherra skal enn fremur skipa samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar stærstu samtaka aðila vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnunar og Útlendingastofnunar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að ræða almenn álitamál varðandi útgáfu atvinnuleyfa og beiðnir um atvinnuleyfi fyrir hópa útlendinga.

Skýrari reglur um málsmeðferð og kærueimild

Mikilvægar umbætur frá eldri lögum um atvinnurétt útlendinga felast í mun skýrari reglum nýju laganna um afturköllun atvinnuleyfis, viðurlög, málsmeðferð og kærueimildir. Vinnumálastofnun er í lögnum veitt heimild til að afturkalla atvinnuleyfi hafi útlendingur eða atvinnurekandi veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hafa þýðingu við leyfisveitinguna.

Eldri löggjöf hafði ekki að geyma kærueimild og því var beitt almennum reglum stjórnisýsluréttarins. Í nýjum lögum er nýmæli um heimild til að kæra ákvörðun Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun atvinnuleyfis til félagsmálaráðuneytisins. Veittur er fjögurra vikna kærufrestur frá því að tilkynning barst um ákvörðun Vinnumálastofnunar.

Reglugerð og kynningarrit

Í félagsmálaráðuneytinu er unnið að samningu reglugerðar sem sett verður á grundvelli nýju laganna. Gert er ráð fyrir að reglugerðin verði birt á næstunni. Í framhaldinu verður gefið út kynningarrit um ákvæði laganna og reglugerðarinnar. Þess má geta að Vinnumálastofnun er um þessar mundir að endurskoða eyðublöð fyrir ráðningarsamning og umsóknir um atvinnu- og dvalarleyfi. Lögin um atvinnuréttindi útlendinga eru tiltæk í enskri þýðingu á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.



Búið er að opna fjölmeningarvef á nokkrum tungumálum fyrir ungt fólk í samstarfi Fjölmeningarseturs, Gamla Apóteksins á Ísafirði og Ný-ungar á Egilsstöðum.

Á vefnum verður lögð áhersla á almennar upplýsingar, svo sem ökuskirteini, kosningarrétt, atvinnuleyfi o.fl., og staðbundnar upplýsingar, svo sem hvaða tómstunda- og íþróttastarf standi ungu fólki til boða í viðkomandi sveitarfélagi.

Í framtíðinni er vonast til að vefurinn skapi umræðugrundvöll fyrir ungt fólk um fjölmeningarsamfélagið á Íslandi.

Vefurinn hefur verið hannaður af ungum sjálfboðaliða frá Hollandi, Stefan van Nierop, sem hefur dvalið hér síðastliðið ár á vegum Fjölmeningarseturs og Gamla Apóteksins og í samstarfi við ungmenni frá Íslandi, Kúbu, Svíþjóð, Serbíu, Króatíu og Póllandi.

Varasjóður húsnæðismála

Með lögum nr. 86/2002, um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, var lagður grunnur að starfrækslu nýs sjóðs, varasjóðs húsnæðismála. Hinum nýja sjóði er ætlað að veita framlög til sveitarfélaga og félaga á þess vegum vegna félagslegra íbúða, sbr. nánari ákvæði þar að lútandi, og tekur hann jafnframt við öllum réttindum og skyldum varasjóðs viðbótarlána sem lagður verður niður samhliða.

Setning fyrrgreindra laga um varasjóð húsnæðismála og reglugerðar hans, nr. 656/2002, byggir á samkomulagi félagsmála- og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. apríl 2002.

Varasjóður húsnæðismála tók formlega til starfa þann 1. ágúst 2002 og lagðist starfsemi varasjóðs viðbótarlána því niður frá og með sama tíma.

Ákveðið var að starfsemi varasjóðsins flyttist til Sauðárkróks frá og með 1. nóvember 2002 og hefur Sigurður Árnason, stjórnsmálafræðingur, verið ráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins frá þeim tíma. Flutningur varasjóðsins til Sauðárkróks fellur vel að stefnu ráðuneytisins í byggðamálum en með honum skapast nýtt starf á landsbyggðinni.

Frumvarp til laga um breytingar á vinnuverndarlöggjöf

Félagsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum. Þær breytingar sem lagðar eru til falla meðal annars að stefnu stjórnvalda er lúta að verkaskiptingu forstöðumanna stofnana og stjórna þeirra í ljósi þeirra breytinga sem hafa

orðið á skipulagi hinnar íslensku stjórnvíslu frá gildistöku laganna. Enn fremur eru lagðar til breytingar á vinnutimakafila laganna og á heilsuvernd starfsmanna, þar á meðal er lagt til að sett verði nýtt ákvæði um heimild félagsmálaráðherra til að setja reglur er varða einelti á vinnustöðum. Er mikilvægt að fyrir hendi séu reglur um vernd gegn einelti þar sem starfs-

menn eiga ekki að þurfa að þola áreitni eða aðra ótilhlýðilega háttsemi á vinnustað. Enn fremur er mikilvægt að atvinnurekendur fái um það leiðbeiningar hvernig bregðast skuli við einelti á vinnustað.

Í ljósi mikilvægis þess að verkaskipting milli eftirlitsstofnana sé sett fram með skýrum hætti og þess gætt að skörun verði sem minnst á starfssviði þeirra eru lagðar til breytingar á ákvæðum um hættuleg efni og efnavörur. Eru því breytingarnar í samræmi við breytta verkaskiptingu í framkvæmd milli opinberra eftirlitsstofnana á þessu sviði. Enn fremur var haft samráð við umhverfisráðuneyti um að félagsmálaráðuneyti beri ábyrgð á áhættumati í iðnaðarstarfsemi, en umhverfisráðuneyti fari áfram með reglur um varnir fyrir umhverfið og mat á skemmdum á byggingum og öðrum mannvirkjum sem geta siglt í kjölfar slíkra slysa.

Enn fremur eru lagðar til breytingar á skipulagi Vinnueftirlits ríkisins. Hafa stjórnvöld m.a. haft það að markmiði að samræma

stöðu og ábyrgð stofnana sem best við sjónarmið ráðherrastjórnsýslu annars vegar og nýrri áherslu um sjálfstæði stofnana, árangur og ábyrgð hins vegar.

Í því sambandi hefur meðal annars verið lögð áhersla á að valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna samrýmist ákvæðum starfsmannalaga. Falla markmið þeirra

legra að framsalið nái einvörðungu til ráðherra fremur en sérstakrar stofnunar eða fjölskipaðs stjórnvalds enda ber ráðherra ætíð ábyrgð á efni stjórnsýslufyrirmæla. Þá er lagt til að ráðherra geti skipað vinnuverndarráð einstakra starfsgreina en tilgangur þess er sá sami og liggur að baki stofnunaröryggisnefnda samkvæmt gildandi lögum.



Frumvarpið felur enn fremur í sér breytingar á kafla laganna um vinnutíma en lagt er til að meginreglur tilskipunar nr. 93/104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma, sem vísað er til í 28. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahags-svæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 42/96, um daglegan hvíldar-

tíma, hlé á vinnu, vikulegan frítíma, hámarksvinnutíma á viku, vinnutíma næturvinnustarfsmanna og rétt þeirra til heilsufarsskoðunar, verði lögfestar hér á landi.

Þá er lagt til að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Skal áætlunin fela í sér mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, þ.á. m. um forvarnir. Atvinnurekandi skal leita til þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins hafi hann eða starfsfólk hans ekki yfir að ráða þeirri færni sem gerð áætlunar krefst. Ákveðnar reglur um hæfi þjónustuaðila eru lagðar til í frumvarpinu. Er með þessu verið að innleiða efni tilskipunar nr. 89/391/EBE um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum, sem vísað er til í 8. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahags-svæðið.

breytinga sem lagðar eru til á skipulagi Vinnueftirlits ríkisins að framangreindum áherslum.

Þá er hlutverk og ábyrgð stjórnar Vinnueftirlits ríkisins skilgreint með öðrum hætti en verið hefur. Er gert ráð fyrir að stjórnin beri ábyrgð á faglegri stefnumótun og sé ráðherra og forstjóra til ráðgjafar í málum er tengjast vinnuvernd. Er meðal annars lagt til að hún geri tillögur til ráðherra um úrbætur en mikilvægt er að náíð samráð sé haft við aðila vinnuarkaðarins um þetta efni. Ekki er gert ráð fyrir að stjórnin komi að daglegum rekstri stofnunarinnar enda er lagaleg og rekstrarleg ábyrgð í höndum forstjóra.

Til samræmis við framangreint er enn fremur lögð til sú breyting frá gildandi lögum að félagsmálaráðherra verði falið að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laganna í stað stjórnar. Það er viðurkennt sjónarmið að framsali lagasetningarvalds skuli vera þröngur skorður settar. Þykir í því sambandi eðli-



Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámum. F.v. Margrét Sverrisdóttir, Una María Óskarsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Valgerður H. Bjarnadóttir, Kristín Halldórsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir
Mynd: Skessuhorn

Konur í læri

— dagar í lífi stjórnmalakvenna

Nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnámum hefur starfað frá því í október 1998. Í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum jókst hlutur kvenna í sveitarstjórnnum í 31,2%, en var áður 28,2%. Hlutur kvenna jókst einnig við síðustu alþingiskosningar 1999, var áður 25%, en er nú 36,5%.

Kosningar til Alþingis verða haldnar 10. maí nk. Til að hvetja konur til stjórnmalastarfa og vekja athygli á mikilvægum störfum kvenna á Alþingi og í sveitarstjórn-um stóð nefndin á haustdögum fyrir verkefninu: Konur í læri –

dagar í lífi stjórnmalakvenna.

Markmiðið var m.a. að koma á sambandi milli stjórnmalakvenna og kvenna sem hefðu áhuga á stjórnámum og að fleiri konur fræddust um að stjórnmalastarf er ekki síður fyrir konur en karla. Með þátttöku í verkefninu gafst konum tækifæri til að kynna starfi stjórnmalakvenna.

Samstarfsaðilar um verkefnið voru ASÍ, BSRB, VR, BHM, SÍB, Samtök atvinnulífsins, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Efling og Bændasamtök Íslands og studdu þau verkefnið og sáu um kynningu vegna þess.

Umsóknir um þátttöku í verkefninu fóru fram úr björtustu vonum, en alls 180 konur víðs vegar af landinu óskuðu eftir að komast í læri hjá stjórnmalakonu. Það voru bæði konur á Alþingi og sveitarstjórnarkonur sem gáfu kost á sér sem lærímæður, alls 44, og til þess að gefa sem flestum tækifæri tóku margar stjórnmalakonur að sér þrjá lærlinga. Um 115 konur á öllum aldri með fjölbreyttan bakgrunn tóku því þátt í verkefninu sem hófst með því að konur fjölmenntu á þingpalla við setningu Alþingis 1. október sl.

Nýskipuð ráðgjafarnefnd til fjögurra ára

Í desember sl. skipaði Páll Pétursson félagsmálaráðherra nýja ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til fjögurra ára. Formaður nefndarinnar, skipaður án tilnefningar, er Húnbogi Þorsteinsson, fyrrverandi skrifstofustjóri, og varaformaður skipaður með sama hætti er Hermann Sæmundsson, ráðuneytisstjóri. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en þeir eru:

Guðmundur Bjarnason, bærarstjóri Fjarðabyggðar, Halldór Halldórsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar, Ingunn Guðmundsdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, og Valgarður Hilmarrson, forseti bærarstjórnar Blönduóssbæjar.

Ólafur Kristjánsson, fyrrverandi bærarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, og Gísli Sverrir Árnason, fyrrverandi forseti bærarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar, hafa nú látið

af nefndarstörfum og eru þeim færðar þakkir fyrir vel unnin nefndarstörf.

Halldór Halldórsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar, og Guðmundur Bjarnason, bærarstjóri

Fjarðabyggðar, taka sæti Ólafs og Gísla Sverris í nefndinni og er þeir boðnir velkomnir til starfa.



Fráfarandi ráðgjafarnefnd ásamt starfsfólki Jöfnunarsjóðs. Efst til vinstri: Elin Gunnarsdóttir, Elin Pálsdóttir, Kristinn Jónasson og Guðni Geir Einarsson. Fremri röð: Ingunn Guðmundsdóttir, Gísli Sverrir Árnason, Húnbogi Þorsteinsson og Valgarður Hilmarrson.

Samráðsfundir á Akureyri



Starfsmenn skrifstofu jafnréttis- og vinnumála í félagsmálaráðuneytinu fóru til Akureyrar í lok janúar og áttu samráðsfundi með starfsmönnum Svæðisvinnumiðlunar og svæðisráðs Norðurlands eystra, starfsmönnum umdæmisskrifstofu Vinnueftirlits ríkisins og starfsmönnum Jafnréttisstofu. Myndin var tekin á fundinum með starfsmönnum Jafnréttisstofu: F.v. Katrín Björg Ríkhardsdóttir, Kristján Josteinsson, Valgerður H. Bjarnadóttir, Gylfi Kristinsson, Margrét María Sigurðardóttir og Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir.



Fréttabréf Félagsmálaráðuneytisins

1. tbl. 14. árg. - febrúar 2003

Ábyrgðarmaður: Hermann Sæmundsson

Ritstjóri: Björn Hannesson

Hönnun og umbrot: hvítt og svart

Ljósmyndir: Anna Fjóra, Skessuhorn, Björn Hannesson og fleiri

Útg: Félagsmálaráðuneytið

Netfang: bjorn.hannesson@fel.stjr.is

Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Prentun: hvítt og svart, Sauðárkróki